

Foreldrafélagsfundur, leikskólanum Seltjarnarnesi, miðvikudaginn 6. janúar 2016. Mættar eru Anna Þorbjörg, Edda, Rakel og Soffía leikskólastjóri.

Eftirfarandi mál voru tekið fyrir:

Jólaball og bókakaup

- Almenn ánægja var á leikskólanum með jólaballið, jólasveininn og bækurnar. Bæði jólagjafirnar og bækur auk hljóðdiska sem keypt voru af foreldrafélaginu fyrir leikskólann.
- Rætt var um bók sem kom út fyrir jólin "Það er svo mikið í húfi með Stúfi" sem var sérlega skemmtileg og gæti verið góð jólagjöf fyrir næsta foreldrafélag að ári.

Netfang fyrir foreldrafélagið

- Soffía var búin að biðja um, en ekkert hefur heyrst, ætlar að ýta á eftir. Búið er að setja upp gmail netfang sem hægt væri að nota til bráðabirgða ef nýtt netfang verður ekki komið fyrir útgáfu fréttabréfs. Netfangið er 170foreldrafelag@gmail.com

Facebooksíða foreldrafélagsins

- Mættum vera öflugri þar, enda vettvangur sem hvað flestir nota.

Símaskrá foreldra

- Anna á leikskólanum hefur séð um, Guðrún var tengiliður í fyrra. Búið að biðja um þetta.

Söndun og mokstur

- Foreldrafélagið þarf að taka þátt í að ýta á bæinn að sjá um þetta bæði á bílastæðum og leikskólalóðinni. Enginn salt- eða sandkassi til að nota þegar hálka er á sjálfri leikskólalóðinni. Edda sendir póst í dag.

Bókakassaverkefni

- Spurning um að fá sjálfboðaliða úr foreldrafélaginu að taka verkefnið að sér? Þýður einhver sig fram? Þarf að kynna verkefnið og hvetja fjölskyldur til að taka þátt. Kynning í fréttabréfi.

Fréttabréf

- Guðrún vinnur nú að fréttabréfi foreldrafélagsins og er áætlað að það komi út í næstu viku (11. jan.)
- Anna Þorbjörg verður í stuttu viðtali og ætlar m.a. að koma á framfæri upplýsingum um facebook hóp foreldrafélagsins (þennan sem er opinn öllum foreldrum) og hún er einnig búin að búa til netfangið 170foreldrafelag@gmail.com sem verður komið á framfæri, við getum notað það netfang til bærinn skaffar okkur netfang @nesid.is ef einhverjir vilja koma fram með ábendingar og góðar hugmyndir fyrir foreldrafélagið.

Viðburðir framundan

Leiksýning: Næsti viðburður á dagskrá verður leiksýning í febrúar/mars. Soffía leikskólastjóri er sérstaklega hrifin af Dúa & Stemmu, segir sýninguna mjög faglega, börnin vera hrifin af og þar að auki sé langt síðan að þessi sýning hafi síðast heimsótt leikskólann.

- Sólblómaleikskóli: Við ræddum einnig það að leikskólinn (eldri deildirnar) taka þátt í verkefni á vegum SOS Barnaþorpa sem er kallað Sólblómaleikskóli. Bréf barst leikskólanum fyrir jólin frá 10 ára stúlku, Djaye frá Benín í Afríku, sem leikskólinn styrkir. Hún sendi fallega teikningu og mynd af sjálfri sér. Þetta verður aðeins kynnt fyrir eldri börnunum og í gengum Sólblómaverkefnið verða sagðar sögur af nokkrum börnum og löndunum sem þau búa í. Krakkarnir munu fá verkefni í tengslum við þetta og mögulega haldin Sólblómahátíð í vor. Gæti tengst Hringekjunni sem fer af stað aftur í janúar.

Ákveðið var að hittast aftur í byrjun febrúar, miðvikudagur 3. febrúar, klukkan 8:15 hentar Soffíu vel. (Getum að sjálfsögðu rætt verkefnið hér og farið af stað með einhver þeirra strax).